

17

27. marz

9. gr.

Reisa skal byggingu fyrir Veðurstofuna á stað, sem hentar starfsemi hennar, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar í samræmi við lög þessi.

11. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 15 15. júní 1926, um veðurstofu á Íslandi, og lög nr. 37 23. júní 1932, um útvarp og birtingu veðurfregna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. marz 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

18

9. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Leigutekjur af húsnæði barnaskóla og heimangönguskóla gagnfræðaskólastigsins skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr. Aðrar tekjur þessara sömu skóla, sem til kunna að falla, skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þannig:

- a. Barnaskóla að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga og einum fjórða hluta til ríkissjóðs.
- b. Heimangönguskóla gagnfræðastigs að hálfu til sveitarfélaga og að hálfu til ríkissjóðs.

Leigutekjur og aðrar tekjur heimavistarskóla gagnfræðastigsins (héraðsskóla) og húsmæðraskóla renna í hlutaðeigandi skólasjóð til greiðslu á hluta viðkomandi sveitarfélags eða sýslu vegna kostnaðar af viðhaldi og rekstri skólans, að svo miklu leyti sem tekjur þessar hrökkva til.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, sem gerðar skulu í samráði við skólanefnd og fjármálaeftirlitsmann skóla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 10. gr. laga nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

3. gr.

Ákvæði laga þessara skulu gilda um tekjur skóla frá 1. jan. 1957.

18

9. apríl

Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

19

8. apríl

um breyting á lögum nr. 44 3. júní 1957, um skatt á stóreignir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „Á árinu 1957“ í 1. gr. laganna komi: Fyrir febrúarlok 1958.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

20

10. marz

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi atvinnuleysi.

Hinn 29. maí 1957 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 2, varðandi atvinnuleysi, sem gerð var á fyrsta þingi Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisráðs (ILO) í Washington árið 1919.

Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðalforstjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisráðs hinn 17. febrúar 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. marz 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

nr. 2 varðandi atvinnuleysi

CONVENTION

(no. 2) concerning unemployment.

Allsherjarþing Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisráðs Íslands, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna

The General Conference of the International Labour Organisation,